

Nd.

517. Nefndarálit

[209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarpið, og leggur meiri hluti nefndarinnar (EI, JK, SI og HB) til, að það verði samþykkt. HB skrifar þó undir nefndarálit þetta með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið.

Minni hluti nefndarinnar (GJóh) er andvígur samþykkt frumvarpsins að svo stöddu, og mun hann skila sérstöku álit.

Þeir Valdimar Stefánsson sakadómari og Theódór Línadal prófessor mættu á fundi nefndarinnar til viðræðna um frumvarpið. Sakadómariinn mælti með samþykkt þess óbreytts og taldi það vera til bóta. Theódór Línadal prófessor mælti með þeim breytingum, sem lúta að sakadómaraembættinu. Að því er breytingu á meðferð ákærvalds varðar, taldi prófessorinn hins vegar vera gengið of skammt í frv., en taldi þó mega við það sitja, að nauðsynlegum breytingum yrði komið fram í áföngum.

Alþingi, 16. marz 1961.

Einar Ingimundarson,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Helgi Bergs,
með fyrirvara.

Jón Kjartansson.